

# Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Skýrsla 1 (1. og 2. kennslustund)

Vogaskóli, 3. september 2008

Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Unnur Gunnarsdóttir umsjónarkennarar 4. S.U.

## Verkefnið kynnt fyrir nemendum og hugtakið jafnrétti kynjanna skoðað.

Fyrsta verkefnið var fólgið í að spyrja börnin út í hugtakið jafnrétti kynjanna og hvað það stendur fyrir. Spyrja nemendur hvað þau halda að þetta hugtak merki og skrá hugmyndir þeirra á blað eða töfluna.

Börnin áttu mjög erfitt með að útskýra merkingu orðsins og hvað það stendur fyrir. Kennari reyndi eftir fremsta megni að hafa ekki áhrif á umræðuna. Kennari reyndi að útskýra út frá þeirra reynsluheimi eins og til dæmis hvernig námsefni var stýrt til kynjanna á grunnskólaárum kennarans (stelpur í handavinnu og strákar í smíði) og um leið bað kennarinn nemendur að segja frá hvernig þeirra námi er háttáð. Einnig spunnust umræður um hvernig verkaskipting er ólík á heimilum þeirra.

Athyglisvert var að nemendur rugluðu saman umræðum um einelti og jafnrétti. Það skal tekið fram að nemendur hafa verið í mikilli vinnu með eineltisverkefni.

Kennari skráði niður hugmyndir barnanna og í framhaldi af umræðum teiknuðu börnin myndir af því sem þau tengdu við jafnrétti. Flestar myndanna sýndu áþreifanlega mynd af því sem þeirra raunveruleiki snýst um, t.d. verkaskipting í eldhúsinu, barnaupveldi, hver aflar tekna, hver veiðir í matinn o.s.frv. Nokkrir teiknuðu mynd af einhverju sem tengist einelti.

Umræðupunktur frá nemendum:

- ✓ Mamma og pabbi hjálpist að
- ✓ Allir hafa sama rétt
- ✓ Allir skipta jafnt á milli
- ✓ Allir gera jafn mikið
- ✓ Allir mega gera jafn mikið
- ✓ Allir læra jafn mikið
- ✓ Allir fá eins
- ✓ Konur og karla geri það sama
- ✓ Allir fá að læra það sem þeir vilja
- ✓ Mamma og pabbi vinna saman

